

Smáraflöt, 20. september 2020

Til bæjarstjórnar Garðabæjar

Erindi: Ófullnægjandi frágangur malbiks og annarra gatnaframkvæmda við Smáraflöt

Við, íbúar við Smáraflöt í Garðabæ, viljum vekja athygli bæjaryfirvalda á ófullnægjandi skilum verktaka á framkvæmdum við götuna. Frá upphafi hefur illa verið staðið að verkinu, að okkar mati. Upplýsingagjöf til íbúa hefur verið verulega ábótavant, þær litlu upplýsingar sem okkur hafa borist hafa í flestum tilfellum komið í kjölfar beiðni íbúa um upplýsingar. Þá hefur ekki alltaf verið ljóst hvert ætti að beina fyrirspurnum, enda ansi margir milliliðir í þessu máli. Undirvinna (lagnir o.fl.) tók mjög langan tíma, skurðir voru grafnir upp eða fylltir á víxl nokkrum sinnum, fáir menn voru við vinnu á hverjum tíma og öll gatan (sem er ansi löng) var undir meirihluta framkvæmdatímans. Steypa gangstétta og vatnsrenna gekk ágætlega nema hvað að mikill hæðarmunur myndaðist milli hæðar götu og renna tímabundið áður en malbikunarframkvæmdir hófust. Grastorfsrúllur biðu í þó nokkra daga áður en þær voru lagðar og hefur grasið enn ekki náð sér almennilega, enda ekki mikið hugsað um umhirðu síðan tyrft var. Slæleg vinnubrögð voru við lagningu á grastorfi bæði á undirlagi þess og skurði á köntum. Niðurstaðan er mjög ójafnir og þúfóttir grasblettir. Og þá komum við að lokahnykk framkvæmdanna sem kvörtun okkar snýr aðallega að. Það sem eftir var af gamla malbikinu var fjarlægt áður en vinna við nýtt malbik hófst. Í stað þess að fjarlægja malbik einn dag og byrja malbikunarframkvæmdir næsta dag var gamla malbikið fjarlægt fyrir helgi og gatan látin standa ófær yfir helgina þar til malbikun hófst eftir helgina. Af samtölum íbúa við framkvæmdaaðila mátti ráða að þeim síðari þætti að litlar kröfur hefðu verið gerðar til undirvinnu. Malbikað var í tvennu lagi, enda gatan það breið að það hefur líklega verið nauðsynlegt. Ljóst er að fyrri helmingur malbiksins hefur verið orðinn kaldur þegar kom að malbikun seinni helmingins. Brúnin (á kalda malbikinu) hefur hvorki verið hituð né söguð og pressað að þegar seinni hluti malbiksins var lagður. Því hefur myndast sprunga milli vegahelminga. Þessi rifa mun safna vatni sem fer niður að undirlaginu og þar er spurning hvort það vatn kemst í burtu eða ekki og einnig hversu hratt það kemst í burtu. Þarna er alveg ljóst að skemmdir munu hljóta af. Einnig er mikið af bungum í malbikinu sem bera vott um léleg vinnubrögð, líklega að yfir malbikið hafi verið ekið of snemma eða að malbikið sjálft hafi ekki verið nógu gott.

Eftir allan þann tíma og allt það rask sem þessar framkvæmdir hafa haft í för með sér erum við verulega ósátt við niðurstöðuna. Við teljum að illa hafi verið farið með fjármuni bæjarins í þessari framkvæmd, að illa hafi verið staðið að upplýsingagjöf til íbúa, að verkið hafi tekið verulega óþarflega langan tíma og síðast en ekki síst að frágangur verksins sé með öllu óásættanlegur. Það er eitt að verktakinn hafi skilað þessu verki svona illa af sér en annað að eftirlitsaðilinn hafi hleypt þessu í gegn sem og að fulltrúar bæjaryfirvalda hafi ekki heldur gert athugasemdir. Þarna er um gallaða vöru að ræða sem Garðabær á ekki að sætta sig við.

Við förum fram á að það verði gerð úttekt á malbikun götunnar og að gallar í malbikun verði lagaðir. Það er okkar mat að það verk kalli á mun minni fjárútlát en ef beðið verður eftir því að frekari skemmdir hljóti af.

Virðingarfyllt,

f.h. íbúa við Smáraflöt,

María Guðmundsdóttir